

Mál nr. 103/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. mars 2023 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 26. apríl 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 3. maí 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags 4. maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að meðal þeirra bótaþátta sem séu tilgreindir á vátryggingarskírteini fjölskyldutryggingar M sé „sjúkrahúslegutrygging“. Skírteinið beri þess því merki að M eigi rétt til bóta komi til sjúkrahúslegu hans enda sé engan fyrirvara þess efnis að svo sé ekki að finna á skírteininu. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu vegna sjúkrahúslegu M á grundvelli þess að hann væri eldri en 60 ára en þess bótaþáttur ætti aðeins við um vátryggða undir sextugu. M gerir margvíslegar athugasemdir við kynningu af hálfu V á umræddri vátryggingu og upplýsingagjöf af hálfu starfsfólks þess og seina svörun erinda vegna málsins. Þá efast M um lögmæti þess að vátryggingarskírteini sem hann hafi undir höndum kveði á um víðtækari vátryggingarvernd en hann njóti samkvæmt skilmálum sem hann hafi ekki aðgang að, en heimasíða V hafi um skeið verið haldin ágalla þannig að ekki hafi verið unnt að nálgast skilmála með öruggum hætti. Enginn vátryggðra samkvæmt fjölskyldutryggingu hans sé undir sextugu og því gæti V hæglega getið þess í vátryggingarskírteini og við upplýsingagjöf að sjúkrahúslegutrygging sé í raun ekki innifalin.

Í bréfi V til nefndarinnar og viðbótarathugasemdum þess kemur fram að sjúkrahúslegutrygging sé fastur, óvalkvæður bótaþáttur fjölskyldutryggingar þeirrar sem M er með í gildi hjá V. Hún sé því sjálfkrafa innifalin en um hana, eins og ýmsa aðra bótaþætti, gildi ákveðnar takmarkanir um hana í skilmálum. Samkvæmt þeim taki sjúkrahúslegutrygging aðeins til vátryggðra á aldrinum 16 til 60 ára og sé tjón M, sem hafi verið orðinn sextíu ára við sjúkrahúsleguna, því óbótaskyld. Skilmáli vátryggingarinnar hafi þá alltaf verið aðgengilegur á heimasíðu félagsins.

Álit.

Í skilmálum umræddrar vátryggingar kemur skýrlega fram að sjúkrahúslegutrygging, sem bætur eru greiddar úr þurfi vátryggður að dveljast lengur en fimm sólarhringa samfleytt á sjúkrahúsi vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss, gildi ekki lengur en til 60 ára aldurs vátryggðs, sbr. 6. gr. 6. kafla skilmálans um sjúkrahúslegutryggingu. Í fyrirliggjandi vátryggingarskírteini, sem felur í sér upptalningu á bótaþáttum og bótafjárhæðum, er þá sérstaklega tekið fram að vátryggingartaki og vátryggðir séu hvattir til að kynna sér efni vátryggingarskilmálans í heild sinni, og er sérstaklega áréttað um mikilvægi þess að vátryggðir kynni sér ábyrgðartakmarkanir sem um vátrygginguna gilda. Þrátt fyrir að einhverju leyti megi fallast á það með M að óheppilegt sé að sjúkrahúslegutryggingar, sem enginn vátryggðra uppfyllir aldursskilyrði fyrir, sé getið á vátryggingarskírteini, verður ekki litið framhjá því að ákvæði skilmálanna er skýrt að þessu leyti og er bótaskylda vegna sjúkrahúslegu M því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson